



## A 1709/kultur

Flytjandi	Norræna þekkingar- og menningarnefndin
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

## Nefndartillaga um framkvæmdaáætlun til að auka hreyfanleika námsmanna milli Norðurlandanna

### Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

*að hún móti framkvæmdaáætlun um leiðir til að auka hreyfanleika námsfólks milli norrænu landanna og draga úr halla milli þess fjölda nemenda sem löndin taka á móti og senda frá sér.*

### Forsaga

Eitt þeirra markmiða sem varða leiðina að aukinni aðlögun á Norðurlöndum er að ryðja úr vegi hindrunum milli landanna á sviði menntamála. Norræn ungmenni ættu að hafa betri aðgang að þekkingu og upplýsingum um námsleiðir annars staðar á Norðurlöndum.

Til að auka hreyfanleika norræns námsfólks er nauðsynlegt að bjóða upp á sambærilegar upplýsingar um námsframboð í löndunum. Eins og stendur skortir upplýsingar um hvaða leiðir eru í boði. Þetta kann að vera ein orsök þess að norrænt námsfólk sækir minna í að stunda nám erlendis. Norrænir námsmenn sem stunda nám erlendis eru undir meðaltali í löndum OECD og hjá þeim sem það gera lenda önnur Norðurlönd í þriðja sæti yfir vinsælustu löndin til að stunda nám í.

Skýrslan „Higher Education in the Nordic Countries – evaluation of the Nordic agreement on admission to higher education“, sem unnin var að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar, staðfestir þetta. Í skýrslunni kemur fram að námsfólki sem stundar nám annars staðar á Norðurlöndum hefur fjölgað frá síðustu aldamótum. Hins vegar gætir mikils ójafnvægis í löndunum, að Svíþjóð undanskilinni, hvað snertir fjölda nemenda sem fara frá hverju landi og þeirra sem þangað sækja. Danir taka á móti mun fleiri nemendum en þeir senda frá sér. Norðmenn, Finnar og Íslendingar senda frá sér mun fleiri nemendur en þeir taka á móti. Þetta á sér margþættar orsakir, en í skýrslunni er meðal annars bent á skort á gögnum og upplýsingagjöf um nám annars staðar á Norðurlöndum, t.d. á heimasíðum háskólanna. Ennfremur skortir upplýsingar um þann virðisauka sem felst í því að stunda frekar nám í öðru norrænu landi en annars staðar í heiminum. Í skýrslunni er því slegið föstu að í löndunum sé



horft fram hjá norrænu samstarfi þegar leitað er leiða til að auka hreyfanleika. Norrænu samstarfi virðist tekið sem sjálfstöðum hlut.

Í skýrslunni eru lögð fram þrenn tilmæli: ein varða samstarfsvettvang um inntöku í háskóla, önnur upplýsingaherferð einkum fyrir framhaldsskólanema sem myndi m.a. lýsa ávinningnum af námi í öðru norrænu landi, og þau þriðju fjalla um sameiginlega vefgátt, þó ekki með sameiginlegum gagnagrunni eða umsóknagátt. Í skýrslunni er bent á að slík sameiginleg kerfi séu afar kostnaðarsöm og tímafrek í uppsetningu og viðhaldi. Þess í stað ætti vefgáttin að innihalda tæmandi upplýsingar um inntökureglur allra norrænna háskóla, tengla á heimasíður háskólanna, leiðbeiningar fyrir umsóknarferli o.fl.

Hreyfanleiki námsfólks innan Norðurlanda á sér langa sögu og vægi hans birtist meðal annars í samningnum milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um aðgang að æðri menntun frá 1996, sem var síðast breytt árið 2012 og gildir til 2018. Mikilvægi hreyfanleika er einnig nefnt í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir frá 2015, en þá í tengslum við að efla samkeppnishæfni gagnvart alþjóðlegum háskólum og laða erlent námsfólk til Norðurlanda. Í dag fjármagnar Norræna ráðherranefndin skiptiáætlunina Nordplus og norrænt meistaranám, sem gerir norrænu námsfólki kleift að stunda meistaranám í öðru norrænu landi. Matsgerðir benda til þess að umræddar áætlanir skili tilætluðum árangri. Norræna þekkingar- og menningarnefndin telur einnig mikilvægt að hvetja námsfólk til að stunda allt háskólanám sitt í öðru norrænu landi.

Þekkingar- og menningarnefndin telur að það ætti að vera markmið Norrænu ráðherranefndarinnar að auka hreyfanleika námsfólks og draga úr halla milli þess fjölda nemenda sem löndin taka á móti og senda frá sér. Það er ávinningur einstaklinga og samfélaga að svo megi verða. Í skýrslunni „Higher Education in the Nordic Countries“ eru þrjár góðar tillögur um hvernig ná megi þessu markmiði, en þær geta verið fleiri og leggja þarf mat á hvort umræddar tillögur séu þær bestu. Því hvetur nefndin Norrænu ráðherranefndina til að vinna framkvæmdaáætlun um að auka hreyfanleika námsfólks innan Norðurlanda og draga úr halla milli þess fjölda nemenda sem löndin taka á móti og senda frá sér. Í framkvæmdaáætluninni ætti einnig að skoða hvernig norrænir háskólar geta laðað til sín fleira námsfólk frá löndum utan ESB.

#### **Álit nefndarinnar**

Tillagan á rætur að rekja til samþykktar Norðurlandaráðs æskunnar (UNR). Nefndin tekur undir það álit UNR að auka þurfi hreyfanleika norræns námsfólks innan Norðurlanda. Ein leið til þess er að auka framboð á upplýsingum um námsmöguleika í öðru norrænu landi með því að koma á fót samnorrænni umsóknagátt fyrir norræna háskóla.

Norræna þekkingar- og menningarnefndin metur það svo að afstaða Norrænu ráðherranefndarinnar ætti ekki að einskorðast við hugsanlega sameiginlega umsóknargátt, heldur ætti hún að taka heildstætt á þeim málefnum er varða aukinn



hreyfanleika námsfólks. Norræna ráðherranefndin ætti að leggja mat á hvort tillögur skýrslunnar „Higher Education in the Nordic Countries“ um m.a. sameiginlega umsóknagátt og hugsanlega aðrar tillögur eru framkvæmanlegar og viðeigandi. Þetta mat getur farið fram í tengslum við gerð framkvæmdaáætlunar um aukinn hreyfanleika námsfólks milli Norðurlandanna. Í framkvæmdaáætluninni ætti einnig að skoða hvernig norrænir háskólar geta laðað til sín fleira námsfólk frá löndum utan ESB.

Helsinki, 27. júní 2017

*Annette Lind (S)*

*Aron Emilsson (SD)*

*Johan Andersson (S)*

*Johanna Karimäki (gröna)*

*Jorodd Asphjell (A), formaður*

*Lars-Arne Staxäng (M)*

*Lars Mejern Larsson (S)*

*Maarit Feldt-Ranta (sd)*

*Norunn Tveiten Benestad (H)*

*Paavo Arhinmäki (vänst)*

*Ruth Vang (Framsókn)*